

Móttökuáætlun fjöiltyngdra barna



Leikskóli Snæfellsbæjar
febrúar 2024

Þegar leikskólaganga barna hefst er mikilvægt að strax myndist góð tengsl á milli leikskóla og heimilis. Gagnkvæm virðing milli foreldra og leikskóla er grunduöllur þess að barninu líði vel og að það fái notið sín.

Leikskólinn þarf að fá góðar upplýsingar um barnið og heimilisaðstæður þess og ekki er síður mikilvægt að leikskólinn veiti foreldrum greinargóðar upplýsingar um skólalastarfið.

Á meðan á aðlögun stendur þarf að hvetja erlenda foreldra til að tala heimamál sitt við barnið. Heimamálið er mikilvægur grunnur fyrir önnur mál og kunnátta í því veitir barninu öryggi.

Leikskólinn afhendir öllum fjöltýngdum börnum í byrjum leikskóladualar dagbók barnsins. Í dagbókinni eru myndir og orð á íslensku og pláss fyrir orð á heimamáli barnsins

Foreldrar eru boðaðir í viðtal í leikskólann þar sem skipst er á upplýsingum.

Deildarstjóri viðkomandi deildar er með í viðtalinu og upplýsir foreldra um deildina og svarar spurningum ef þess er þörf.

Aðlögun barns að leikskóla er einnig tími aðlögunar foreldra að leikskólalastarfinu og er mikilvægt að foreldrar fái sem fyllstu mynd af starfi leikskólans, kynnist starfsfólki, skipulagi og húsakynnum.

Túlkabjónusta:

Ef í ljós kemur að þörf er á túlk á leikskólinn að hafa frumkvæði að því að bjóða hann, eða ákveða í samráði við foreldra hvernig þeim málum verður háttað. Tvítýngdir kennarar, eða annað starfsfólk leikskólans getur túlkað fyrir foreldra þegar sá möguleiki er fyrir hendi.

Aldrei skal láta börn túlka viðtöl fyrir foreldra sína.

Hlutverk túlksins:

- Túlkurinn er óháður og tekur ekki afstöðu.
- Túlkurinn á að túlka allt sem sagt er í viðtalinu.
- Túlkurinn hefur ekki leyfi til að koma með sínar eigin skoðanir, ráðleggingar, athugasemdir eða bæta neinu við frá eigin brjósti og hafa þannig áhrif á viðtalið.
- Túlkur skal ekki láta í ljós álit sitt á þeim aðilum sem túlkað er fyrir.
- **Túlkur er bundin trúnaði.**

Mikilvægar upplýsingar fyrir foreldra sem þarf að kynna:

- Heimasíða leikskólanna og þær upplýsingar sem þar er að finna lsnb.leikskolinn.is
- Skóladagatalið/ ársáætlun/frídaga.
- Karellen appid, hvaða upplýsingar er hægt að finna þar
- Símanúmer/netfang leikskóla, deildar og leikskólastjóra
- Mikilvægt er að tilkynna forföll barns og hvenær barnið ætti ekki að koma í leikskólann t.d. vegna veikinda og ábyrgð foreldra varðandi reglubundna mætingu barns í leikskóla.
- Þroskapróf/skimanir sem gerðar eru í leikskólanum.
- Vistunartímar og gjaldskrá leikskólans.
- Viðeigandi klæðnaður, aukaföt. Listi yfir hvað barnið á að hafa meðferðis í leikskólann.
- Kynning á ýmsum uppákomum tengdum íslenskum hefðum, svo sem þorrablót, öskudagur og jólahald.
- Foreldraviðtöl, hvenær þau fara fram á hverju ári.
- Ljósmyndir af fjölskyldu barnsins eða uppáhalds leikfang sem róar barnið og eykur öryggiskennd.

- Virða uistunartíma barnsins, sekt legst á gjald ef barnið dvelur umfram sinn uistunartíma. 1100 krónur á hvert korter.
- Mikilvægt að láta starfsmenn deildarinnar vita ef einhver annar sækir barnið aðrir en forráðamenn.

Leiðarljós í aðlögun og kennslu

Mikilvægt > myndir á lyklakippu, sjónrænt skipulag, myndræn stundaskrá, TMT, Sjónrænar leiðbeiningar.

Gott er að hafa nokkrar myndir tiltækar öllum stundum og þá er einfalt ráð að setja þær um hálsinn. Sjónrænar leiðbeiningar skipta miklu máli.

